

## Kennsluáætlun

Haust 2023

**Bekkur:** 7.bekkur

**Námsgrein:** Íslenska

**Fjöldi kennlustunda:** 4 stundir

**Kennari/kennarar:** Guðfinna Pétursdóttir

### Áfangalýsing

#### **Kennsluaðferðir:**

Einstaklingsmiðað nám. Markmið kennslunnar er að nemendur læri að bera ábyrgð á eigin námi og þjálfist í sjálfstæðum vinnubrögðum og stuðst er við fjölbreyttar kennsluaðferðir.

- Sýnikennsla
- Umræðu og spurnaraðferð
- Einstaklingsvinna
- Samvinnunám
- Verklegar æfingar og námsleikir
- Leitaraðferðir
- Útikennsla

#### **Námsmat:**

- Málfræðikannanir
- Bókmenntaverkefni og ljóð
- Stafsetningarkönnun

- Framsögn
- Ritun
- Lesskilningur
- Lesfimipróf

**Hæfniviðmið:****Talað mál:**

- tjáð eigin skoðanir og tilfinningar og haldið athygli áheyrenda, m.a. með aðstoð leikrænnar tjáningar,
- tjáð sig skýrt og áheyrilega og gert sér grein fyrir gildi góðrar framsagnar,
- hlustað af athygli og beitt þekkingu sinni og reynslu til að skilja það sem sagt er og greint frá aðalatriðum,
- átt góð samskipti, hlustað, gætt tungu sinnar og sýnt viðeigandi kurteisi.

**Lestur og bókmenntir:**

- Lesið texta við hæfi með góðum hraða og af skilningi, lagt mat á hann og túlkað,
- notað þekkingu og reynslu ásamt ríkulegum orðaforða við lestur og skilning á texta,
- greint og fjallað um aðalatriði í texta og helstu efnisorð og notað mismunandi aðferðir við lestur og skilning á texta,
- lesið sér til ánægju og fróðleiks og gert öðrum grein fyrir þeim áhrifum sem texti hefur á hann,
- lesið gamlar og nýjar bókmenntir, þar á meðal þjóðsögur, ljóð, og bókmenntir ætlaðar börnum og unglíngum,
- greint nokkur frásagnarform bókmennta og beitt fáeinum bókmenntafræðilegum hugtökum til að efla skilning, svo sem tíma, sjónarhorni, sögusviði og boðskap,
- beitt nokkrum hugtökum til að fjalla um form og innihald ljóða, svo sem rím, ljóðstafi, hrynjandi, líkingar og boðskap.

**Ritun**

- skrifað læsilega og af öryggi með persónulegri rithönd, beitt algengum aðgerðum í ritvinnslu, gengið frá texta og notað orðabækur,
- samið texta þar sem beitt er eigin sköpun, notið þess að tjá hugmyndir sínar og reynslu og veitt öðrum hlutdeild með því að kynna ritunina eða leyfa öðrum að lesa,
- beitt helstu atriðum stafsetningar og greinamerkjasetningar og hefur náð valdi á þeim.

### Málfræði

- gert sér nokkra grein fyrir eigin máli og hefur skilning á gildi þess að bæta það,
- notað allríkulegan orðaforða í ræðu og riti, gert sér grein fyrir margræðni orða og nýtt sér málfræðikunnáttu sína við orðmyndun, tal og ritun,
- áttað sig á hvernig orðaforðinn skiptist í sagnorð, fallorð og óbeygjanleg orð og greint hlutverk og helstu einkenni þeirra,
- notað orðtök og málshætti í töluðu máli og rituðu og greint notagildi þeirra í texta,
- beitt þekkingu sinni á málfræði við að búa til setningar, málsgreinar og efnisgreinar og gert sér grein fyrir fjölbreytileika málsins,
- beitt þekkingu sinni á málfræðilegum hugtökum í umræðu um mál, ekki síst eigið mál, talað og ritað.

Kennari áskilur sér rétt til að breyta kennsluáætlun án fyrirvara.

| Dagsetning         | Viðfangsefni – Mánudagur                         | Viðfangsefni – Þriðjudagur       | Viðfangsefni- Miðvikudagur                       | Viðfangsefni- Fimmtudagur    | Námsmat          |
|--------------------|--|----------------------------------|--|------------------------------|------------------|
| 24. – 25. ágúst.   |  |                                  | Skólasetning                                     | Farið yfir námsefni Stöðumat |                  |
| 28.ágúst – 1. sept | Málrækt 3 bls. 6-10<br>Þriðji Smellur bls. 6 – 7 | Málrækt 3 bls. 11 – 17           | Þriðji smellur bls. 8-11<br>Málrækt 3 bls. 18-22 | Ritun: Sumarfríð mitt        |                  |
| 4. – 8 . sept.     | Málrækt 3 bls. 23 – 28                           | Þriðji smellur bls. 12-15        | Málrækt 3 bls. 29-32                             | Orðarún 1                    | <b>Orðarún 1</b> |
| 11. – 15. sept.    | PALS   | <b>Haustferð í Guðmundarlund</b> | Málrækt 3 bls. 33-37                             | PALS                         |                  |
| 18. – 22. sept.    | PALS   | PALS                             | Málrækt 3 bls. 38-42                             | PALS                         |                  |

|                |                        |                                  |   |                               |                       |
|----------------|------------------------|----------------------------------|---|-------------------------------|-----------------------|
| 25 – 29. sept. | <b>Skipulagsdagur</b>  | PALS                             |   | PALS                          |                       |
| 2. – 6. okt.   | <b>Reykir</b>          | <b>Reykir</b>                    | <b>Reykir</b>                                   | <b>Reykir</b>                 |                       |
| 9. – 13. okt   | PALS                   | PALS                             | Málrækt 3 bls. 43-48                            | PALS                          |                       |
| 16. – 20. okt  | PALS                   | PALS                             | Málrækt 3 bls. 49 – 53                          | PALS                          |                       |
| 23. – 27. okt  | PALS                   | PALS                             | <b>Nemenda- og foreldraviðtalsdagur 26. okt</b> | <b>Skipulagsdagur 27. okt</b> |                       |
| 30. – 3. nóv   | PALS                   | PALS                             | Málrækt 3 próf bls. 23-53<br>Upprifjun          | PALS                          | <b>Próf Málrækt 3</b> |
| 6. – 10. nóv.  | PALS                   | PALS                             | Málrækt 3 bls. 54 - 58                          | PALS                          |                       |
| 13. - 17. nóv. | PALS                   | PALS                             | Málrækt 3 bls.59 - 66                           | PALS                          |                       |
| 20. – 24. nóv. | PALS                   | PALS                             | Málrækt 3 bls. 67 - 71                          | PALS                          |                       |
| 27. – 1. des   | PALS                   | PALS                             | <b>Jólapemadagur</b>                            | PALS                          |                       |
| 4. – 8. des    | PALS                   | PALS                             | Málrækt 3 bls. 72 - 77                          | Orðarún 2                     | <b>Orðarún 2</b>      |
| 11. – 15. des  | Málrækt 3 bls. 78 - 84 | Málrækt 3 bls. 85 – 92           | Upprifjun                                       | Málrækt 3 próf bls. 55-92     | <b>Próf Málrækt 3</b> |
| 18. – 20. des  | Verkefni frá kennara   | <b>Kirkjuferð og friðarganga</b> | <b>Jólaskemmtun</b>                             | <b>Jólafrí</b>                |                       |

